







Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna móttökusvædis jarðvegs við Skjólbrekku.

Yfirlitsmynd



Forsendur

Áfórmáð er að afmarka 2,5 ha efnisolunarsvæði rétt norðan við Húsavík, sunnan við Skjólbrekku, við veginn sem liggur upp að Húsavíkurfjalli, austan við mörk péttbýlisins. Svæðið verður eingöngu notað til efnisolunar/móttöku jarðvegs. Skammt norður af svæðinu er akstursíþróttasvæði innan péttbýlismarka Húsavíkur. Svæðið er í nágildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L1). Aðkoma að svæðinu er frá vegnum sem liggur að Húsavíkurfjalli. Á aðalskipulagsupprætti er merkt gönguleið eftir vegnum sem liggur að Húsavíkurfjalli frá vegamótunum.

Afmörkun efnisolunarsvæðisins er í samræmi við deiliskipulag sem unnið er að samhliða aðalskipulagsbreytingunnini. Við uppbryggingu á iðnaðarsvæðinu á Bakka mun koma upp mikil af moldarjarðvegi, vegna framkvæmda á því svæði. Koma þarf þessum jarðvegi fyrir og er gert ráð fyrir að hann verði losaður á þessu efnisolunarsvæði. Að hármarki er heimilað að haugsetja þar 50.000 m³ af jarðvegi á um 2,5 ha svæði. Nánar er kveðið á um skipulag efnisolunarsvæðisins í deiliskipulagi.

Efnisolunarsvæðið er í um 110 m hæð yfir sjó á svæði sem var áður gróðurlítið en er nú að mestu leyti lúpínugróðið holt. Fuglalífi í lúpínubréðum við Húsavík er vel þekkt, nokkuð auðugt en fábreytt af tegundum. Þær fuglategundir sem hafast við á lúpínugrónum þurrum holtum sem þessu eru allar algengar á landsvísu og ber þar mest að hrossagukum, þúfutittingum og skógarþróstum. Svæðið hallar til vesturs.

Fjarlægð frá efnisolunarsvæðinu að vegnum sem liggur frá Húsavík og í átt að Bakka er um 500 m og rétt vestan við svæðið er akstursíþróttasvæði. Svæðið er í um 700 m fjarlægð frá þeim húsum sem næst standa innan þéttbýlisins á Húsavík. Umhverfis svæðið er landbúnaðarland skv. aðalskipulagi. Engar þekktar minjar eru að svæðinu.

Breyting á aðalskipulagi er auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingu.

Breyting

Neðangreindar breytingar eru lagðar til á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 á sveitarfélagsuppdrætti og 23. kafla skipulagsreinargerðar um skipulag dreifbýlis:

- Við töflu í kafla 23.14 um efnistökusvæði bætast skilmálar um E39 efnisolunarsvæði. Annað er óbreytt í töflunni.

Nr. svæðis	Nr. Vegag	Staður	Skipulagsákvæði
E39	-	Skjólbrekka, efnisolunarsvæði 2,5 ha.	<p>Efnisolunarsvæði sem notað verður fyrir haugsetningu á moldarjarðvegi sem kemur upp vegna uppbryggingar á iðnaðarsvæðinu á Bakka.</p> <p>Efnisolun á þessu svæði er heimil að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, þar sem skilgreint er nánar hversu mikil efni á að haugsetja. Í framkvæmdaleyfisumskrá skal gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum (s.s. um lagersvæði efnis) og frágangi (s.s. landmótun og sáningu) á meðan á haugsetningu stendur og eftir að henni lýkur. Að loknum framkvæmdatíma skal ganga snytilega frá svæðinu bannig að það falli sem best að umhverfinu og skeri sig ekki úr. Hármarkshæð á haugsetningu er 4 m yfir númerandi landhæð og leyfilegt að haugsetja allt að 50.000 m³ af jarðvegi. Efnisolunarsvæði verði sléttuð vel og aðlöguð að landslagi áður en uppræðsla hefst við frágang á svæðinu.</p>

- Sveitarfélagsuppdrætti er breytt þannig að efnistökusvæði er sýnt með punkttákni og merkt E39.

Umhverfisáhrif

Breyting á aðalskipulagi fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hér er gerð grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 og gr. 4.4. í skipulagsregluger nr. 90/2013.

Í samræmi við aðalskipulagsbreytinguna hefur verið unnið deiliskipulag fyrir efnisolunarsvæðinum. Skipulags og matslysing fyrir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi voru kynnt á vef Norðurþings í september 2014 og aðalskipulagsbreyting var auglýst samhliða deiliskipulagi.

Efnisolun innan efnistökusvæðisins getur haft áhrif á ásýnd lands, breyting verður á landi og umhverfi við upphaf gönguleiðar upp að Húsavíkurfjall mun breytast. Efnisolun getur fylgt fok. Í aðalskipulagi Norðurþings er sett fram stefna um að nýting jarðvefa sé með skynksamlegum og skipulögðum haetti og að leitast verði við að lágrmarka neikvæð umhverfisáhrif. Efnisvinnsla fari eingöngu fram á skilgreindum efnistökusvæðum nema hvað efnistaka landeiganda er heimil utan þeirra, ef hún stangast ekki að við aðra stefnu aðalskipulagsins. Efnisolunarsvæði eru hluti af efnistökusvæðum.

Í aðalskipulagi Norðurþings voru áhrif nýtingar jarðvefa metin nokkuð jákvæð á samfélag, byggðamynstur og lýheilsu en nokkuð neikvæð eða háð útfærslu á land, loft, vatn, vistkerfi, minjar og landslag. Fyrir efnisolunarsvæði við Skjólbrekku eru áhrifin líkleg til að vera óveruleg á byggðamynstur, lýheellsu, loft, vatn, minjar, vistkerfi og landslag. Breytingin er líkleg til að hafa nokkuð neikvæð áhrif á samfélag vegna sjónrænna áhrifa frá gönguleið upp á Húsavíkurhöfða sem liggur eftir vegnum fram hjá efnisolunarsvæðinu. Þá munu efnisflutningar og sú umferð sem þeim fylgir valda trufun á upphafi gönguleiðarinnar frá vegamótunum eftir vegnum að Húsavíkurfjalli og á kafla að norðausturvegi sem liggur frá Húsavík norður Tjörnes.

Stefna aðalskipulagsins getur haft staðbundin neikvæð ásýnd og landslag en með mótvægisáðgerðum; landmótun og sáningu, er dregið úr neikvæðum áhrifum haugsetningar. Í deiliskipulagi er lagt til að til að forðast rof og uppblástr skuli jafna allt yfirborð og sá í það. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá svæðinu í tveimur áföngum. Nota skal landgræðslublöndu eða sambærilegat tegundir. Á framkvæmdatíma verður breyting á ásýnd svæðisins en frágangur og uppræðsla mun draga úr þeim áhrifum eftir því sem líður á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að landmótun falli vel að landslagi.

Í deiliskipulaginu verður fjallað nánar um tilhögn efnisolunarsvæðisins og hvernig staðið verður að landmótun á svæðinu með þeim jarðvegi sem þangað verður fluttur.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 30. gr.

skipulagslagu nr. 123/2010 var samþykkt í

bæjarstjórn Norðurþings þann 17. febr. 2015

NORÐURÞING

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr.

skipulagslagu nr. 123/2010 þann 17. febr. 2015

Ólafur Brynjart Þórdalum.

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og Landmælingar Íslands
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ISN93
Sýndar eru 20 m hæðarlínur

Blaðstaði A2
Dags: 10.02.2015
Verknúmer: 1058